



Móttökuáætlun barna af erlendum uppruna

Þegar óskað er eftir skólavist fyrir barn af erlendum uppruna er leytast eftir grunnupplýsingum um barn t.d. símanúmer, nafn, upprunaland og aldur barns.

Í upphafi skólaársins er foreldrum afhentur *Upplýsingabæklingur fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna* en hann má finna hér á ýmsum tungumálum : http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3809/6353_view-2302/.

Í bæklingnum, sem er til á mörgum tungumálum, er greint frá leiðarljósi og starfsemi íslenska grunnskólans, innritun, hlutverki foreldra ásamt ýmsum upplýsingum. Foreldrum er einnig afhent allt það efni sem til er á þeirra tungumáli er viðkemur skólagöngu barns þeirra.

Foreldrar eru láttnir vita af fyrirhuguðu móttökuvíðtali og kannað er hvort þörf sé á túlkaþjónustu ásamt því eru þeir upplýstir um hvaða gögn þeir þurfi að hafa meðferðis í víðtalið, t.d. einkunnir og heilbrigðis- og bólusetningavottorð þar sem það á við.

Til að fá skólavist er ekki beðið eftir því að dvalarleyfi hafi fengist, heldur er áhersla lögð á að umsóknarferli sé komið af stað. Meðan á umsóknarferli stendur eru nemendur utan þjóðskrár, en eru skráðir um leið og formlegt dvalarleyfi hefur verið afgreitt. Ástæða fyrir töfum á leyfisveitingu getur verið sú að foreldrar hafi ekki skilað til Útlendingastofnunar umbeðnum gögnum, svo sem ljósriti úr vegabréfi, forsjárgögnum, staðfestu frumriti af fæðingarvottorði, húsnæðisvottorði eða þýðingu löggiltra skjalabýðenda á erlendum vottorðum. Í þeim tilvikum styður skólinn við foreldra og býðst til að aðstoða þá við að afla gagna og koma þeim á rétta staði.

1. Undirbúningur í skóla

Kjarnakennari er upplýstur um að barn af erlendum uppruna sé að hefja skólagöngu og hvaðan það er. Skólastjóri ásamt kjarnakennara boða foreldra í móttökuvíðtal og panta túlk ef þess þarf. Aðrir kennarar sem hugsanlega koma að barninu eru upplýstir um komu þess.

Kjarnakennari lætur önnur börn á kjarnanum vita af komu barnsins.

2. Undirbúningur víðtals

Ákvörðun er tekin hverjir sitja í móttökuteyminu og hvaða upplýsingar veita á fjölskyldunni og eftir hvaða upplýsingum er óskað frá foreldrum.

Skólastjóri og meðstjórnandi taka saman þau gögn sem nota á í víðtalinu:

- o Starfsáætlun skólans
- o Skóladagatal
- o Bæklingurinn Spurningar og svör fyrir fjöltyngdar fjölskyldur
- o Upplýsingar um lengda viðveru

3. Móttökuvíðtal

Víðtalið sitja foreldrar (ásamt túlk, ef þörf krefur), kjarnakennari, skólastjóri, hjúkrunarfræðingur og sálfræðingur þar sem það á við.

Í víðtalinu eru fengnar bakgrunnsupplýsingar um nemandann: Fjölskylduhagi, tungumál talað/töluð heima, fyrri skólagöngu, námslega stöðu, helstu styrkleika/veikleika barnsins og helstu áhugamál.

Athugað hvort læknisskoðun hafi farið fram og mælst til þess að foreldrar panti skoðun ef svo er ekki.

Foreldrar beðnir að greina frá helstu heilsufarsupplýsingum varðandi barnið.

Gátlista fyrir móttökuvíðtalið má sjá í viðauka 1-3.

Eftirfarandi þættir útskýrðir:

o Dagskipulag hópsins kynnt. Farið yfir hverja stund þannig að ljóst sé um hvað sé að ræða.



- o Reglur um íþróttir og sund útskýrðar. Staðsetning, fatnaður, reglur um sturtu og mætingar.
- o Farið yfir reglur varðandi útivist í frímínútum.
- o Farið yfir skólalagatal og alla sérmerkta daga.
- o Símanúmer skólans og heimasíða skólans kynnt.
- o Farið yfir skólareglur og mætingaskyldu.
- o Greint frá mötuneytinu, ávaxtabita, verði á mat og fyrirkomulagi greiðslna.
- o Frístundastarf kynnt
- o Ákveðið hvenær barnið byrjar í skólanum.
- o Farið í gönguferð um skólann þar sem helstu svæði eru kynnt.
- o Kjarni sem barn kemur til með að vera á er heimsóttur
- o Greint frá mikilvægi þess að barnið viðhaldi móðurmálinu og bent á að nýta sér bókasöfnin sem stuðning í því sambandi.

5. Túlkur

Í þeim tilfellum þar sem þörf er fyrir túlk ber að hafa eftirfarandi atriði í huga:

Hlutverk túlksins

- Túlkur hefur þagnarskyldu í einu og öllu.
- Túlkur má ekki taka afstöðu.
- Túlkur má ekki láta í ljós skoðanir sínar þegar hann túlkar.
- Túlkur á að túlka allt sem sagt er í samtalinu.
- Túlkur á ekki að hafa frumkvæði að því að svara spurningum.
- Túlkurinn ber ekki ábyrgð á því að upplýsingar séu réttar eða sannar.
- Túlknum ber að láta vita ef túlkunin getur ekki fallið undir þessar reglur.
- Hægt er að fá leyfi foreldra til þess að fá túlk sem ráðgjafa en um það þarf að vera samkomulag í upphafi viðtals.

Tíu góð ráð sem vert er að hafa í huga þegar mál þitt er túlkað:

1. Líttu á túlk sem brú á milli menningarheima og undirbúðu hann undir fundarefnið.
2. Kynntu þér siðareglur túlka og þagnarskyldu.
3. Skipuleggðu fyrirfram meginlínur samtalsins þannig að ljóst sé um hvað eigi að ræða og hver sé tilgangur samtalsins. Taktu tillit til þess að samtal með aðstoð túlks tekur lengri tíma en samtöl á íslensku.
4. Byrjaðu helst samtalið með stuttri samantekt sem gefur yfirlit yfir hvað þú hafir hugsað þér að verði rætt og gefðu viðmælendum færi til að gera athugasemdir.
5. Vertu ekki feimin(n) við að nýta líkamstjáningu til að leggja áherslu á mál þitt. Vertu nákvæmari í orðavali en þú átt venju til.
6. Tjáðu þig á einfaldan og skýran hátt. Taktu tillit til túlksins því hann þarf að skilja þig og fá tíma til þess að flytja skilaboðin jafnóðum til þriðja aðila.
7. Mundu að taka góð málhlé svo túlkurinn fái ráðrúm til að yfirfæra eða meðtaka það sem þú ert að segja.
8. Mikilvægt er að þú snúir beint að nemanda og foreldrum og horfir í augu þeirra þegar þú talar.
9. Horfðu beint á viðmælendur þína þegar þeir tala. Snúðu þér ýmist að túlknum eða viðmælenda eftir því hvor þeirra talar.
10. Farðu yfir niðurstöður og upplýsingar sem komu fram á fundinum þannig að viðmælendur þínir séu sammála um hvað var sagt og ákveðið á fundinum.



6. Fyrstu dagarnir

Foreldrar eru velkomnir með barninu í skólann eins og þeim þykir þurfa.

Mikilvægt er að fara rólega af stað og gæta þess að ofgera barninu ekki. Dæmi um þrjá fyrstu dagana fylgir hér á eftir – metist þó eftir aðstæðum í hvert skipti en hafa skal að leiðarljósi að fara rólega af stað.

o Fyrsta skóladaginn eftir viðtal kemur barnið í skólann og er í tvo tíma inn í hópnum.

o Annan skóladaginn er barnið í skólanum fram að hádegi og tekur þátt í starfinu.

o Ef börn koma í skólann með skólabíl er mælt til þess að hann verði ekki notaður fyrr en á þriðja degi og foreldrar sjái um að koma nemandi í skólann og sækja hann fram að því.

o Stefnt er að því að þriðji skóladagur verði fullur dagur og skólabíllinn verði notaður þar sem við á.

Kjarnakennari leiðir vinnu með aðlögun barnsins að hópnum og skólastarfinu í samráði við skólastjórnendur og sérkennara auk þess að bera ábyrgð á að útvega námsefni við hæfi.



Viðauki 1

Móttaka nemanda af erlendum uppruna.

Skóli: _____ Dagsetning: _____

Nafn barns. _____ kennit. _____

Heimilisfang: _____

Sími: _____

Kyn: _____ Þjóðerni: _____

Tungumál: _____

Talar barnið fleiri en eitt tungumál á heimili? ___ Já ___ Nei

Ef já, hvaða? _____

Nafn föður: _____ kennit: _____

Þjóðerni: _____ Tungumál: _____

Starf í heimalandi: _____

Starf hérlendis: _____

Farsími: _____ Vinnusími: _____

Nafn móður: _____ kennit: _____

Þjóðerni: _____ Tungumál: _____

Starf í heimalandi: _____

Starf hérlendis: _____

Farsími: _____ Vinnusími: _____

Systkini: _____ aldur: _____

Systkini: _____ aldur: _____

Systkini: _____ aldur: _____

Systkini: _____ aldur: _____

Skyldmenni/kunningjar á Íslandi? _____

Tilsjónarmaður á Íslandi? _____ Sími: _____

Tengiliður: _____ Sími: _____

Túlkur: _____ Sími: _____

Vitnisburður frá fyrri skóla liggur fyrir. ___ Já ___ Nei

Hvernig er heilsufari háttað ? _____

Hefur barnið fengið barnasjúkdóma ? ___ Já ___ Nei

Ef já, hverja ? _____

Hefur barnið orðið fyrir slysum ? ___ Já ___ Nei

Ef já, hvaða slysum ? _____

Hefur barnið orðið fyrir áföllum, andlegum/ líkamlegum ? ___ Já ___ Nei

Ef já, hverjum? _____

Tekur barnið inn einhver lyf að staðaldri? ___ Já ___ Nei

Ef já, hvaða lyf? _____



Viðauki 2

Skólaganga.

Hvernig var skólagöngu háttað ? ___ Eðlileg ___ Lítil ___ Engin

Var barnið í bekk með jafnöldrum? ___ Já ___ Nei

Hvernig var hegðun barnsins í skóla? ___ Eðlileg ___ Óeðlileg

Ef óeðlileg, á hvern hátt? _____

Hvernig er staða barnsins miðað við jafnaldra í:

Lestri ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Skrift/ritun ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Móðurmáli ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Stærðfræði ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Sögu ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Náttúrufræði ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Eðlisfræði ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Landafræði ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Líffræði ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Sundi ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Leikfimi ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Myndmennt ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Tónmennt ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Tölvu ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Heimilisfræði ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Tæknimennt ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Textílmennit ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Öðru? _____ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök ___

Talar barnið fleiri en eitt tungumál ? ___ Já ___ Nei

Ef já, hvaða? _____

Hefur fjölskyldan tök á að aðstoða barnið á móðurmáli þess? _____

Samþykkja foreldrar að barnið fái kennslu í eigin móðurmáli? _____

Getur fjölskyldan útvegað kennslugögn á móðurmálinu? _____

Er barnið í tengslum við einhvern í heimalandinu, ættingja, vini, fyrrverandi

kennara, t.d. í tölvusamskiptum? _____

Hefur barnið aðgang að tölvu heima? ___ Já ___ Nei

Ef já, hvaða forritum hefur það aðgang að? _____

Hefur það aðgang að netinu? _____

Er eitthvað annað sem ástæða er til að taka fram um barnið? _____



Viðauki 3

Félagsleg staða.

Í skóla áður fyrr. ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök

Átti barnið marga vini? ___ Já ___ Nei

Hverjir voru bestu vinir þess? _____

Í heimaumhverfi áður fyrr ___ Góð ___ Í meðallagi ___ Slök

Átti það marga vini? ___ Já ___ Nei

Hverjir voru bestu vinir þess? _____

Stundaði barnið einhverja íþrótt í heimalandinu? ___ Já ___ Nei

Ef já, hvaða? _____

Stundar barnið einhverja íþrótt hér á landi? _____

Hver eru helstu áhugamálin? _____

Spilar barnið á hljóðfæri? ___ Já ___ Nei

Ef já, hvaða? _____

Er barnið í tónlistarskóla hér á landi eða er áhugi fyrir því að það fari í þannig nám?

Er eitthvað sem þarf að taka tillit til varðandi trúarbrögð?

Er eitthvað fleira sem gott væri fyrir kennara að vita um barnið?